

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akraness, Sementsreitur.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 10. nóvember 2017 breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017, sem samþykkt var í bæjarstjórn 12. september 2017.

Breytingin nær til iðnaðarsvæðis Sementsverksmiðjunnar og hluta hafnarsvæðis. Landnotkun á framangreindum svæðum breytist þannig að núgildandi íbúðarsvæði Íb-14 stækkar og til verða tvö ný miðsvæði M-5 og M-6. Á framangreindum reitum verður heimil blöndun íbúðarbyggðar og atvinnustarfsemi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 10. nóvember 2017.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2017